Sjúkást í skólakerfinu

Stígamót hvetja til þess að ofbeldisforvörnum sé vel sinnt í hverjum skóla og þær tengdar við félagslíf, kennslu og forvarnavinnu. En samkvæmt nýrri þingsályktun skal koma á skipulögðum forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í skólastarfi á öllum skólastigum og öðrum vettvangi æskulýðsstarfs. Við hvetjum skólana til að nýta Sjúkást-verkefnið við að standa að fræðslu og vitundarvakningu um ofbeldi og samskipti meðal sinna nemenda, á þann hátt sem best á við skólann og nemendahópinn hverju sinni. Við bjóðum fram aðstoð og hugmyndir að viðburðum og verkefnum sem nýta mætti til að koma skilaboðum Sjúkást-herferðarinnar á framfæri til nemenda.

Með þetta að markmiði má t.d. nýta:

- Þemadaga skólans
- Viðburði félagslífsins
- Forvarnavinnu skólans
- Fræðsluerindi á sal
- Kynningarbás með Sjúkást-efni
- Myndbönd spiluð í almennu rými skólans
- Hagsmunabaráttu og aðra lýðræðislega vinnu nemenda; s.s. skólafundi, nemendaþing, femínistafélög og skuggakosningar
- Kennslustundir – t.d. í kynjafræði, samfélagsfræði og/eða lífsleikni
- Skólablað nemenda
- Leiklist, kvikmyndagerð, myndlist, ljósmyndun, tónlist, ljóðagerð eða aðra listsköpun nemenda innan áfanga eða félagslífs
- Starfsþróunardaga og aðra stefnumótunarvinnu starfsfólks

Ekki hika við að hafa samband við stýru Sjúkást-verkefnisins í netfangið eyglo@stigamot.is og fá aðstoð með að skipuleggja vitundarvakningu innan þíns skóla.